



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

4. töl. 2005, - 15. árg.
Maí 2005

Guðspjónusta 29. maí 2005, skírn og ferming.

Guðspjónusta verður í kirkju hinnar heilögu þrenningar (Mótmælendakirkjunni), 5 rue de la Congrégation, Luxembourg, 29. maí kl. 14:00.

Sr. Sigurður Arnarson, sendiráðsprestur í Lunúnum predikar, skírir tvö börn og fermir eitt barn.

Sunnudagaskóli verður fyrir börnin.

Kirkjunefndin



Í þessu blaði:

Guðspjónusta 29. maí	1
Þjóðhátíðarskemmtun	1
Kvennahlaupið	1
Ný stjórn FÍL	2
Ráðagóða-hornið	2
Skýrsla formanns FÍL	2
Ritstýruspjall	2
Heimilishornið	3
Viðbrögð við bréfi félagsmanns í apríl Brú	3
Lesblinda	3
Spunakaffi	3
Litlu dálkarnir	4

Þjóðhátíðarskemmtun félagsins Laugardaginn 11. júní



Þjóðhátíðarskemmtunin verður haldin á tjaldsvæðinu (Camping) í Godbrange.

Dagskrá:

14:00 Svæðið opnar, pylsu- og sælgætissala.

15:30 Barnadagskrá og fjölskylduleikir.

17:00 Lambkjöt grillað og tilbúið - að sjálfsgöðu verður íslenskt lambalæri með kartöflusalati og hrásalati.

18:00 Dagskrárlök.

Næg bílastæði á tjaldstæðinu. Hægt er að tjalda á svæðinu og/eða koma með útilegubúnað. Munið eftir klæðnaði sem hæfir veðurspá og vasaljósum því snögglega dimmir þegar líða tekur á kvöld. Drykkir verða seldir frá Camping-barnum og er fólki vinsamlegast bent á að versla við barinn.

Þeir sem geta hjálpað til á skemmtuninni hafi samband við stjórnarmeðlimi, sjá lista á baksíðu. Vantar alltaf fólk.

Stjórnin vonast til að sjá ykkur öll í sólskinskapi.

Stjórnin



Kvennahlaupið verður 19. júní

9.30 Skráning og upphitun fyrir kvennahlaupið.

10:00 Kvennahlaup í Trim parcour í Walferdange. Brautin er 2,4 km og svo til á jafnsléttu svo nú er bara að fara í hlaupaskóna og koma og vera með. Þetta er í þriðja skipti sem þetta hlaup fer fram í Luxembourg.

Vinsamlegast skráið ykkur fyrir 11. júní með því að senda e-mail á bruin@islandus.net eða hringið í Bryndísi í síma 341882. Þátttökugjald eru 10€ á mann en frítt er fyrir börn upp að 12 ára.

Stjórnin

Á döfni:

- Guðspjónusta 29. maí.
- Íslandsvika á Arizona Lounge 6. til 11. júní.
- Spunakaffi 7. júní.
- Þjóðhátíð 11. júní.
- Kvennahlaup 19. júní.
- Karoke í Junglinster 24. september,
- Heilsunámskeið, Sólveig Eiríksdóttir, reynum aftur í haust.



Ný stjórn FÍL

Aðalfundur Félags Íslendinga í Luxembourg var haldinn 26. apríl s.l., klukkan 20:30 í Loretto Capelle, 8 rue des Romains í Senningerberg.

Venjuleg aðalfundarstörf voru á dagskrá og ný stjórn kosin;

Matthildur Kristjánsdóttir formaður, Þóra Karlsdóttir ritari, Inga Birna Antonsdóttir gjaldkeri, Guðbjörg Steinarrsdóttir meðstjórnandi, Elísabet Iðunn Einarsdóttir meðstjórnandi og Óskar Bragi Sigþórsson varamaður.

Stjórnin



Nýja kaffihúsið sem auglýst var í síðasta blaði mun verða opið til klukkan 23:00 á kvöldin frá maí byrjun og í allt sumar.

Coshoola espresso bar
Glacis Business Center
9 Allée Scheffer
L-2520 Luxembourg

www.coshoola.com

Opið mán - fös 07:00 - 23:00
Laugardaga 09:00 - 23:00

Ráðagóða-hornið

Svartir tómatar;

Kannski ekki alveg kolsvartir en mun dekkri en við eigum að venjast. Reyndar eru til mörg afbrigði af svörtum tómötum en það sem sést hefur í verslunum unanfarið kallast Kumato og er ræktað í Aguios á Spáni út frá tómatategund sem er að finna á Galapagoseyjum í Kyrrahafi. Sagt er að þeir hafi kynörvandi áhrif og það hafi glögglega sést á risaskjaldböðunum sem átu þá og voru mun fjórugri en þær sem fengu venjulega tómata..... Hvað sem því líður eru þetta hollir og bragðgóðir tómatar, ívið sætari en flest rauð afbrigði og einkar skemmtileg tilbreyting við hefðbundnari tegundir. Notið þá ferska í salöt og þess háttar, þannig njóta bæði litur og bragð sín best. (Gestgjafinn)

Skýrsla formanns á aðalfundi FÍL 26. apríl s.l..

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 1.apríl 2004 til 31.mars 2005.

31. Aðalfundur félagsins var haldinn á Euro Hotel í Gonderange 27. apríl.

Í maí var námskeið í heilsumatargerð haldið í gamla skólanum í Berdorf og mætti Sólveig Eiríksdóttir frá Grænum Kosti og galdraði dásendar mat fyrir okkur úr heilsuhræfni. 24 mættu og voru allir mjög glaðir með daginn.

19. júní héldum við svo upp á þjóðhátíðardag Íslendinga.

Kvennahlaup í Parc-Cour Walferdange: Bryndís Kristjánsdóttir sá um það og mættu 67 konur og börn í hlaupið, boðið var upp á drykk frá Fit-Line frá Svanhildi Sigurðardóttur. Allir fengu medalíur og boli og þökkum við Kaupþing Bank Luxembourg sem styður þetta með að borga fyrir boli og medalíur til ÍSÍ.

Þátttökugjald var 10 evrur fyrir eldri en 12 ára, FÍL gaf innkomuna frá 2003 og 2004 til Götusmiðjunnar á Íslandi eða 371 evru.

Þjóðhátíðarskemmtunin fór svo fram á Camping í Godbrange, Gunni og Felix komu frá Íslandi og skemmtu í klukkustund. FÍL seldi íslenskt nammi, pylsur og lambakjöt. Það voru margir sem hjálpuðu okkur við þetta og þökkum við þeim öllum.

20. júní var leikritið Sellófan eftir Björk Jakbosdóttur flutt í Arizona Lounge, metaðsókn eða 97 manns mættu.

Helgina 26-27 júní var hestmannamót Íslenska hestsins haldið í Schrassig og vorum við með sölubás þar sem við seldum lopa ofl. frá basarnum, pylsur og íslenskt sælgæti.

18. september var golfmót FÍL haldið á golfvællinum í Junglinster, 30 keppendur tóku

þátt og þökkum við Kaupþing Bank Luxembourg stuðninginn en þeir greiddu fordrykk.

10. október var svo hin árlega Echternach ganga, í þetta sinn seldum við pylsur og íslenskt nammi og það má segja að það hafi verið vinsælt því yfir 100 manns mættu, held ég fari rétt með að aldrei hafi eins margir mætt.

12. október hófst síðan kennsla í Íslenskuskólanum, kennt var 8 sinnum fyrir jól og voru kennarar 4. Þær Elísabet Sigurðardóttir og Elín Dröfn Valsdóttir með eldri hóp, Herdís Þórisdóttir og Eva Hrönn Jónsdóttir með yngri hóp.

Efni frá umferðaskólanum var sent til barna á aldrinum 3-7 ára.

Gefin voru út félagsskírteini og send öllum þeim sem greitt höfðu félagsgjöld.

4. desember héldum við Kvennakvöld sem tókst nú ekki mjög vel ef meta á aðsókn, um 40 konur mættu en stjórnin hefði viljað sjá miklu fleiri. Þær sem komu skemmtu sér vel.

Jólaball félagsins var haldið í salnum Am Sand í Niederanven á annan dag jóla, tókst það alveg sérstaklega vel og mættu 240. Hljómsveit Agnars Sigurvínssonar spilaði undir dans í kringum jólréð, boðið var upp á heitt súkkulaði og kaffi, meðlimir komu með bakkelsið.

Þorrablót félagsins var svo haldið 29. janúar og skemmti Spuni að vanda, hljómsveitin Snillingarnir komu og spiluðu, meistarakokkurinn Snæbjörn Jónsson kom með matinn. Við í stjórn félagsins vorum mjög ánægð með blótið.

1. mars byrjaði svo vorönn Íslenskuskólans og var kennt 7 sinnum, sömu kennarar eins og á

haustönn.

Einnig voru haldnar 3 myndlistarsýningar á árinu, Sossa, Berglind Sigurðardóttir og Kristinn G. Jóhannsson, voru þær allar haldnar í Arizona Lounge hjá Terri Properties, við aðstoðuðum við að senda út auglýsingar og boðskort.

101 Reykjavík komu líka og voru með kynningu á Skuggahverfinu sem er í byggingu og aðstoðuðum við, við það.

Top Squash bauð upp á FÍL morgna á fimmtudögum fyrir jól þar sem félagar gátu spriklað.

100% Hitt átti að sýna 5. mars s.l. en féll niður á síðustu stundu þar sem leikkonan komst ekki frá Íslandi.

Alls voru 8 stjórnarfundir og 4 vinnufundir haldnir á stjórnarárinu.

Ég vil þakka þeim öllum sem hafa hjálpað okkur í stjórninni á árinu og sent inn efni og greinar í Brúna.

Sérstaklega þökkum við Kaupþing Bank Luxembourg, Bláfugli og svo auðvitað Flugleiðum í Frankfurt sem hafa verið gjafmildir á farmiða á árinu.

Matthildur Kristjánsdóttir

Ritstýruspjall

Kæru lesendur.

Það er gaman að segja frá því að ekkert pláss er eftir í Brúnni fyrir sérstakt spjall frá ritstýrum. Þökkum góð og skemmtileg aðsend efni ásamt viðbrögðum við birtingu frá félagsmönnum sem og öðrum.

Haldið endilega áfram að senda efni, blaðið verður bara skemmtilegra.

Ritstýrur.



Heimilishornið

Kókossoðnar kjúklinga-bringur með sítrónugrasi og kúskússalat

4 kjúklingabringur
 1 dósa kókosmjólk (400 ml)
 1 Sítrónugrasstöngull, skorinn í helminga
 1 tsk engifer
 1 tsk kjúklingakraftur sósujafnari

Setjið allt nema sósujafnarann í pott og sjóðið við vægan hita í 12 – 15 mín. Takið þá bringurnar upp úr og þykkið sósunu með sósujafnara.

Kúskússalat

3 dl kúskús
 3 dl sjóðandi vatn
 1 dl steinselja, smátt söxuð
 1 dl mint, smátt söxuð
 3 msk sítrónusafi
 1 – 2 tómatar, smátt saxaðir
 1 stk laukur, smátt saxaður salt

Setjið kúskúsið í skál og hellið sjóðandi vatni yfir. Hrærið vel saman, breiðið álpappír yfir skálina og kælið. Blandið öllu hinu saman við kúskúsið og berið fram

(Gestgjafinn 3. tbl. 2004, Kynning á Kjúlli langflottastur).

Bréf frá félagsmanni FÍL, í apríl Brú.

Viðbrögð við bréfinu og svör ritstýra eru birt hér að neðan.

Ágætu ritstýrur Matthildur Kristjánsdóttir og Guðbjörg Steinarsdóttir. Undirrituðum hefur borist umrætt fréttabréf Íslendingafélagsins í Luxemburg. Í blaðinu er stór grein með alvarlegum ásökunum og ýmsum fullyrðingum eftir " Möggu Rósu" vegna viðskipta hennar og "Gylfa" við Bílaleigu Flugleiða Hertz í byrjun sumars í fyrra Af okkar hálfu er verið að skoða þessar ásakanir og atburðarrás. Fram að útkomu næsta fréttabréfs ykkar mun liða einhver tími jafnvel vikur eða mánuðir. Þangað til er trúverðuleiki, þjónusta og traust okkar í uppnámi hjá fjölda viðskiptavina Greinin hefur skaðað Bílaleigu Flugleiða Hertz. Óska ég eftir skýringum ykkar á því hvers vegna Bílaleigu Flugleiða Hertz var ekki gefið tækifæri á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri í sama blaði og greinin birtist.

Kær kveðja/Best regards

Sigurður Skagfjörð Sigurðsson
 General Manager
 Hertz Car Rental

Luxembourg 2. maí 2005

Sigurður Skagfjörð Sigurðsson
 General manager
 Hertz Car Rental

Ágæti Sigurður Skagfjörð. Það er ritstýrum Brúarinnar mikið gleðiefni að litla fréttabréfið okkar berist

svo víða og við þökkum skrif þín.

Greinarhöfundur umrædds pistils er Magga Rósa sem allir þekkjá hér í okkar samfélagi - hennar rétta nafn er Margrét Rósa Jóhannesdóttir. Við þekkjum hana einungis af góðu og alltaf af heiðarlegum samskiptum manna á milli. Ekki vitum við hve alvarlegar ásakanirnar kunna að vera í garð Bílaleigunnar Hertz í bréfaskrifum Margrétar, það verða lesendur að dæma um, en greinarhöfundar efni í blaðið skrifa undir nafni og er á þeirra ábyrgð. Pistlar þeirra eru birtir svo fremi að við teljum ekki ómaklega vegið að persónum.

Hvað varðar óskir þínar á skýringum á því hvers vegna bílaleigunni var ekki gefinn kostur á að svara í sama blaði þá er útskýringin sú að blaðið er rekið af áthaga-félagi sem er Félag Íslendinga í Luxemburg þar sem aðstandendur þess eru ólaunaðir leikmenn sem gera þó flest til að halda uppi góðum samskiptum og upplýsingum til félagsmanna en mikið verk er að safna efni í blaðið á hverjum tíma þrátt fyrir áhugann. Það má einnig geta þess að efnistöð þau sem hér um ræðir, eru svipuð þeim er almennt eru birt í fjölmiðlum á Íslandi hjá til dæmis Morgunblaðinu undir Velvakanda eða öðrum svipuðum skrifum lesenda.

Með kærleikskveðjum.

Ritstýrur Brúarinnar,
 Guðbjörg Steinarsdóttir
 Matthildur Kristjánsdóttir.



Íslenskuvika í Arizona Lounge

Vikuna 6 – 11 júní

Matreiðslumeistararnir Axel Jónsson og Vilhjálmur Axelsson matreiða íslenska sjávar- og lambarétti.

Tilvalið að kynna íslenska matargerð erlendum vinum.

Mánudag til föstudag, í hádegisunni
Miðvikudag til laugardag, einnig á kvöldin.

Sebastian, píanisti og Tinna Pétursdóttir flytja íslensk dægurlög á kvöldin.

Þantið borð tímalega, Arizona Lounge: **26 701 490,**

021-192 422 eða 021-273 925

Arizona Lounge, Lux Tech Center
 2-4 rue Edmond Reuter
 L-5326 Contern

Dyspel (Lesblinda)

Dyspel er alþjóðlegt styrktarfélag sem hjálpar fjölskyldum og kennurum í Luxembourg sem hafa áhuga á og þekkjá til lesblindu (dyslexia) og annarra námsörðugleika. Tilgangur félagsins er að vekja athygli á börnum sem þurfa sérkennslu og sér hjálp við lærdóminn og til að miðla upplýsingum og hjálpa foreldrum til að finna bestu námsmöguleika fyrir börn sín, sama frá hvaða landi þau koma. Vinnan er öll í sjálfbæravinnu og hefur mikið áunnist s.l., níu ár, sem félagið hefur starfað í Luxembourg en samt er langt í land ennþá. Félagið er með skrifstofu **Dyspel drop-in centre**, 33 Avenue Victor Hugo, L-1750 Luxembourg. Sími 2647 8505, e-mail: info@dyspel.org.

Spunakaffi



Spuna-kaffi áfram í deiglunni !

Næsta Spuna-kaffi verður 7. júní kl. 10.00 á nýja staðnum við Limpertsberg sem heitir Coshoola expresso bar, 9 Allée Scheffer. Hægt er að leggja bílunum á stóra bílastæðinu, þar sem Tivolið er staðsett þegar það er opið. Boðið er upp á morgunverð ásamt hefðbundnum matseðli.

Endilega að mæta, gamlir sem nýjir, ungir sem aldnir.

Stjórn Spuna

Echternach-gangan er fyrirhuguð 18. september 2005.



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
Guðbjörg Steinarrsdóttir
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Au-pair in Luxembourg

We are Luxembourgish/German happy family with two wonderful children. Our boy Christopher is three and our daughter Geraldine will be two years old. We live in a very scenic part of Luxembourg, with a big house and beautiful garden. The drive to the city of Luxembourg takes about 25 min.

We are both working full-time and the children are at day care. The duties of the au pair are helping with the children in the mornings and evenings and also weekends (day-time). However we will be flexible regarding weekends. Usually evening babysitting is required 1-2 times a week. Main duties will just be taking care of the children etc. No housework is necessary as we have a housekeeper. A driving-licence is a requirement and a car will be provided also for use in the Au Pairs free time.

We are very easy going with Au Pairs and how she spends her time, but we would like someone with a mature attitude and flexible in her

approach. The Au pair should be enthusiastic and with initiative, who is happy to join our family and be a **big sister** to our children. Starting date should be August 2005 for 12 months.

Please contact Katherine Mengistab: Tel: (352) 021 201 555 or at email: Katherine.Mengistab@bgl.lu

Íbúð til leigu á Íslandi

Til leigu í hjarta Reykjavíkur, 2ja herb., fullbúin íbúð m/húsgögnum, húsbúnaði, rúmfötum og handklæðum. Íbúðin leigist lágmark 1. mánuð í senn á kr. 78.000 með öllu. Myndir á netinu; www.fotos.web.de/kirkjutorg6.

Áhugasamir hafi samband við Martin og Hallveigu Hahl í síma 0049-6084-3273 eða e-mail martin.is@web.de.

Útlendinganefnd Junglinster

Útlendinganefndin mun halda Karoke kvöld 24. september n.k.. Ágóði mun renna til félagsskapar sem heitir **La Thérapie Equestre** sem er félag sem veitir meðferð fyrir heilaskaddað og þroskaheft fólk og eru hestar notaðir við þessa meðferð, sem hefur reynst

mjög vel. Formaður og þjálfari félagsins heitir Christiane Betz-Kocht. Sími 552 615 eða 2655 0065, e-mail jjbetz@pt.lu.

Luxembourgíska - talmál

Útlendinganefndin í Junglingster-sýslu er að stofna félagskap fyrir þá sem áhuga hafa á að læra Luxembourgísku og þá sérstaklega talmál.

Þeir sem hafa áhuga skrái sig hjá Sollu í síma 789 341.

15 years Icelandic horses in Luxembourg

Back in 1990, a handful of Icelandic owners and lovers got together and created the "Luxembourg Icelandic Horse Association". The mission of this non-profit association was and still is to give any possible support to the development of the extraordinary breed in Luxembourg. Its activities include the exchange of information, keeping contact with foreign federations, assistance in any kind of questions about the keeping of these horses, organisation of competitions and courses on a theoretical and practical basis, as well as any sort of publication and

marketing regarding the Icelandic horse.

In the last fifteen years, the Luxembourg population of Icelandic horses has more than trebled. The triumphant advance of the "Viking horse" seems irresistible. More and more riders praise the small strong horse from the North which suit equally for leisure and competition. They are fascinated by their tölt, a very comfortable gait, their sure footness, their robustness and their friendly character.

Now fifteen years in the service of the Icelandic horse have to be celebrated!

On Sunday, 19 June 2005 starting at 11 o'clock at the riding ground in Schrassig will take place a big anniversary, including a horse rally, games of skill and -most of all- a lot of fun.

Drinks and snacks are available. Please confirm your presence until the 5 June 2005 by calling tel: 563837 (Michèle Schon) or by sending an email to;

michele.schon@education.lu. We hope to see you all!

Michèle Schon
Secretary of the Luxembourg Icelandic Horse Association.

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2005-2006

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 0771, 021 142 060, fil@islandus.net

Þóra Karlsdóttir, ritari, 2694 5105, 021 501 117, fil.ritari@islandus.net

Inga Birna Antonsdóttir, gjaldkeri, 2671 0929, 021 224 312, fil.gjaldkeri@islandus.net

Guðbjörg Steinarrsdóttir, meðstjórnandi, 365 163, 091 637 888, gstl@islandus.net

Elísabet I. Einarssdóttir, meðstjórnandi, 799 508, 021 363 734, elisabete@islandus.net

Óskar Bragi Sigþórsson, varamaður, 2694 5006, 091 348 737, oskars@islandus.net

Stjórn Kirkjunefndar 2005-2006

www.islandus.net/fil/kirkjunefnd.htm

Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545

María Huesmann, 358 556

Sólveig Stefánsdóttir, 789 341

Agnar Sigurvinnsson, 435 183

Sigurður Kristinnsson, 787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir, formaður, 341 882, spuni@islandus.net

Stella Jóhannesdóttir, ritari, 357 064, stella26@pt.lu

Katrín Ásgrímsdóttir, gjaldkeri, 2678 0257, spuni.gjaldkeri@islandus.net

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarssdóttir, formaður, 355 443

Bergdís Kristinsdóttir, gjaldkeri

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elísabet Sigurðardóttir

Herdís Þórisdóttir

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.